DRAKÚLA

BRAM STOKER



REAL READS

Friðrik Erlingsson þýddi endursögn Chaz Brenchley

Myndskreytingar eftir Vanessu Lubach

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli			Bók nr. Tekin í notkun	
Nemandi/bekkur	Útlán: dags.	Ástand	Skil: dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
   N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

DRAKÚLA

BRAM STOKER

www.realreads.co.uk

Friðrik Erlingsson þýddi endursögn Chaz Brenchley
Myndskreytingar eftir Vanessu Lubach

NÁMSGAGNASTOFNUN

Drakúla

ISBN 978-9979-0-1485-0
© Real Reads. Titill á frummáli: Dracula.
© stytting á enskum texta: Chaz Brenchley 2008
© myndir: Vanessa Lubach 2008
© Íslensk þýðing og staðfæring: Friðrik Erlingsson 2011
Ritstjóri íslensku þýðingarinnar: Sigríður Wöhler
Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2011
Námsgagnastofnun, Kópavogi

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, þýðanda og útgefanda.

Hönnun: Lucy Guenot
Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Oddi ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja

EFNISYFIRLIT

Persónur 4

Drakúla 7

Meira um söguna 55

PERSÓNUR

Drakúla greifi

er dularfullur aðalsmaður sem býr í kastala í fjarlægu landi. En hver – eða hvað – er hann í raun og veru?

Jónatan Harker

er ungur lögmaður sem lendir í óhugnanlegu ævintýri. Hefur hann kjark til að flýja?

Mína Harker

er hin unga eiginkona Jónatans. Mun heimsókn til vinkonu hennar, Lucy, kalla bölvun yfir þær báðar?

Van Helsing, prófessor

er einn fróðasti maður Evrópu, en nægir þekkingin honum til að bjarga vinum sínum?

Lucy Westenra

hefur heillað tvo heiðursmenn sem keppa um ástir hennar, en munu myrkraöflin ná til hennar á undan þeim?

Seward læknir

er fyrrverandi vonbiðill Lucy. Er hann samt reiðubúinn að berjast fyrir lífi hennar?

Brúðir Drakúla

eru heillandi háskakvendi. Getur Jónatan staðist aðdráttarafl þeirra? Hlýða þær skipunum Drakúla greifa í einu og öllu?

DRAKÚLA

ÚR DAGBÓK JÓNATANS HARKER

6. maí: Kastali Drakúla greifa

Léttivagn greifans kom á móts við mig við Borgo-skarð, eins og ákveðið hafði verið. Ég komst þangað að lokum eftir langa og þreytandi ferð í hestvagni, með skipi og lestum, sem siluðust dögum saman um framandi landslag. Ferðafélagar mínir litu út eins og bændur aftan úr öldum, líkt og ég hefði ferðast aftur í tímann að auki. Þeir voru óheflaðir og afar hjátrúarfullir; þegar ég tjáði þeim hvert ferð minni væri heitið tóku þeir til við að signa sig og einn þeirra hengdi krossmark um hálsinn á mér.

Myrkur var skollið á þegar við komum að skarðinu. Það leit ekki út fyrir að annar vagn væri væntanlegur. Ég hélt við værum ef til vill fullsnemma á ferðinni. En ekillinn kallaði, „Hann er ekki hér! Hann kemur ekki í kvöld!“

Áður en hann svo mikið sem lyfti svipunni fóru hrossin að ókyrrast og sparka og prjóna svo hann varð að hafa sig allan við til að róa þau. Þá heyrði ég hófadyn nálgast og bændunum var greinilega illa brugðið. Léttivagninn sem birtist var dreginn af fjórum glæsilegum gæðingum, biksvörtum. Ekillinn var hávaxinn maður með barðastóran hatt sem huldi næstum andlit hans. Það grillti aðeins í augun, sem endurspegluðu rauðan logann frá steinolíulampanum.

Hann kom farangri mínum fyrir og studdi mig um borð í léttivagninn með þéttu handtaki. Augnabliki síðar þeystum við burtu, rakleiðis inn í myrkrið í skarðinu fram undan.

Ámátlegt ýlfur fylgdi okkur eftir, líkt og hjarðsöngur í vindinum. Svo umkringdi það okkur. Hrossin fnæstu og stukku til á veginum; ekillinn mátti taka á öllu sínu til að hafa hemil á þeim. Í næstu beygju sat úlfur grafkyrr á miðjum veginum. Það var engin leið að koma hrossunum fram hjá honum. Þau stóðu kyrr og nötruðu; eitt þeirra rak upp skelfingarkvein. Skyndilega vorum við umkringdir þögulli úlfahjörð, þeir

beruðu hroðalegar vígtennur og másuðu með lafandi tungu.

Ekillinn reis úr sæti sínu og hastaði á hjörðina, voldugri röddu. Svo sveiflaði hann hendinni, líkt og hann vildi sópa úlfunum úr vegi. Skýjaslæðu bar fyrir tunglið og það dimmdi yfir. Þegar birtan féll aftur á veginn var úlfahjörðin horfin.

Við ókum áfram langa leið, hærra og hærra upp í fjöllin, uns við komum að hallargarði, sem stóð umhverfis hálfhruninn kastala. Ljós var hvergi að sjá í háum og mjóum gluggunum og skörðóttir virkisveggirnir skáru óreglulega útlínu í stjörnubjartan himinn.

Ekillinn studdi mig úr vagninum og rétti mér farangur minn. Svo sveiflaði hann taumunum og skildi við mig fyrir framan breiða hurð alsetta fornum nöglum.

Ég sá hvorki bjöllu né dyrahamar og það var tilgangslaust að kalla, því enginn hefði heyrt í mér gegnum svo þykka veggi. Ég beið og hugleiddi – og ekki í fyrsta skipti – hvernig stæði á því að ég, ungur enskur lögmaður, væri niðurkominn hér, á þessum óhugnanlega stað.

Loks heyrði ég fótatak að innan og háværtbrak þegar voldugum slagbrandi var ýtt til hliðar. Lykill ískraði í læsingunni og dyrnar opnuðust.

Þar stóð hávaxinn öldungur með sítt snjóhvítt yfirskegg, svartklæddur frá hvirfli til ilja.

„Velkominn á heimili mitt og gakktu í bæinn af fúsum og frjálsum vilja.“

Hönd hans var ísköld en handtakið þétt og sterkt eins og handtak ekilsins. Eitt augnablik velti ég því fyrir mér hvort þeir væru einn og sami maðurinn.

„Drakúla greifi?“ spurði ég.

Hann hneigði sig og ætlaði að lyfta farangri mínum. Ég mótmælti og sagði að hann hlyti að hafa þjónustufólk, en hann greip töskurnar og fór á undan mér upp breiðan stiga. Við komum inn í upplýsta og hlýja stofu, þar sem kvöldverður var framreiddur.

Sjálfur snæddi hann ekkert, en sat mér til samlætis þar til ég hafði fengið nægju mína. Það var nú orðið svo framorðið að fyrstu geislar dögunar féllu á gluggana. Aftur heyrði ég úlfana góla lengst niðri í hlíðunum og augu greifans ljómuðu.

„Hlustaðu á hina fögru tóna; sönginn frá börnum næturinnar.“

Þegar hann brosti tók ég snögglega eftir því að tennur hans virtust óvenju hvassar.



7. maí

Ég svaf fram eftir og þegar ég opnaði augun sá ég að málsverður hafði verið lagður á borð fyrir mig, en kastalinn virtist mannlaus með öllu. Ég fann greifann hvergi né nokkurt þjónustufólk. Ég fann heldur engan spegil svo ég varð að nota litla ferðaspegilinn minn til að raka mig.

Ég kunni ekki við að fara of vítt um kastalann án leyfis frá greifanum svo það gladdi mig mjög að rekast á veglegt bókasafn þar sem ég fann margar bækur á ensku. Þar var ég staddur þegar greifinn loks birtist.

„Þessar bækur eru vinir mínir," sagði hann. „Það er þeirra vegna sem ég dái England,

heimaland yðar. Og nú, vegna gæsku yðar, mun ég geta sest að í London. Þér verðið að segja mér allt um húsið sem þér hafið fundið fyrir mig. Ég treysti á að þér dveljið hjá mér um tíma og leiðréttið mig þegar mér fipast í tungumáli yðar. Ég hef eingöngu lært það af þessum bókum, en aldrei átt þess kost að tala það.“

Ég fullvissaði hann um að enskan hans væri prýðileg og lofaði að dvelja eins lengi og mér væri unnt.

„Þér megið ganga um kastalann eins og yður þóknast,“ sagði hann, „nema þar sem dyrnar eru læstar. En segið mér nú af húsinu í London.“

Fasteignin í London var stór og gömul bygging er stóð á einkalóð, umkringd háum steinvegg. Ég sótti teikningar og afsöl og hann hafði margs að spyrja. Við ræddum saman allt kvöldið og aftur gekk ég ekki til hvílu fyrr en haninn gól.

8. maí

Í dag festi ég litla spegilinn minn í gluggann og var rétt byrjaður að raka mig þegar greifinn bauð góðan dag að baki mér.

Mér brá svo að ég skrámaði mig með rakhnífnum. Í speglinum sá ég allt herbergið, en þó hafði ég ekki séð hann koma inn. Ég leit um öxl og hann stóð í miðju herberginu. Ég leit aftur í spegilinn – en spegilmynd hans var ekki þar!

Þegar ég sneri mér að honum tók hann eftir blóðinu á hálsi mínum. Djöfulleg glóð blossaði upp í augum hans og hann reyndi að grípa um háls mér. Ég hörfaði undan; hönd hans snerti við hálsfestinni með krossinum og fas hans umbreyttist á svipstundu.

„Farið gætilega við raksturinn," sagði hann, „svona sár getur haft alvarlegri afleiðingar en yður grunar." Hann hrifsaði spegilinn og hrópaði: „Þetta er sökudólgurinn! Burt með hann!"

Hann fleygði speglinum út um gluggann og ég heyrði þegar hann skall niður í garðinn lengst fyrir neðan og brotnaði í þúsund mola.

Greifinn lét mig einan um morgunverðinn. Hann er stórundarlegur maður; ég hef enn ekki séð hann snerta á mat eða setja nokkurn drykk inn fyrir sínar varir.

Eftir morgunverðinn fór ég í skoðunarferð um kastalann. Hann stendur fremst á fjallsbrúninni svo hengiflugið fyrir neðan blasir við. Útsýnið er stórkostlegt – ég reyndi að opna hverjar dyrnar á fætur annarri, en þær voru allar læstar. Gluggarnir sem snúa út að hengifluginu eru einu útgönguleiðirnar. Ég er fangi hér!

Það þýðir víst lítið að kvarta við greifann því það er hann sem er fangavörður minn.

Skömmu fyrir kvöldverð gægðist ég út um rifu á hurðinni og sá að hann var sjálfur að leggja á borð. Það var eins og mig grunaði; það er ekkert þjónustufólk hér. Hann hefur sjálfsagt einnig verið ekillinn, maðurinn sem hafði vald til að skipa úlfunum á brott. Engin furða að bændunum stafi ógn af honum. Og nú er mér líkt farið og þeim.

Engu að síður átti ég langt samtal við hann eftir kvöldverð. Hann sagði mér af afrekum

forfeðra sinna og hinni ofbeldisfullu sögu lands síns. Svo lifandi voru lýsingar hans á atburðum fortíðarinnar að það var engu líkara en hann sjálfur hefði verið þar viðstaddur. Hann sagðist vona að ég gæti hugsað mér að dvelja hjá sér í mánuð. Ég fann enga átyllu til að hafna því boði. Ég get ekki einu sinni skrifað einlæglega til konu minnar, því ég get ekki póstlagt bréfið nema biðja greifann fyrir það og ég er sannfærður um að hann myndi lesa það.

16. maí

Ég hallaði mér út um gluggann á herbergi mínu og varð skyndilega var við einhverja hreyfingu fyrir neðan. Það var greifinn sem fór út um glugga og skreið svo niður lóðréttan vegginn eins og eðla. Hvers konar fyrirbæri er hann eiginlega?

Á meðan hann var í burtu fór ég í örvæntingu um allan kastalann og fann loks ólæstar dyr. Stofurnar sem blöstu við mér voru óhreinar og þaktar ryki, en engu að síður voru þær notalegri en vistarverur mínar.

Ég lagðist á lúinn sófa og hlýt að hafa dottað. Þegar ég vaknaði skynjaði ég að einhver var þarna inni. Þrjár ungar konur stóðu í daufu mánaskini og hvísluðust á. Þær höfðu engan skugga. Tennur þeirra voru skjannahvítar og blikuðu eins og perlur við dimmrauðar varirnar.

„Þú fyrst," sagði ein. „Hann er ungur og hraustur; það verður nóg af kossum fyrir okkur allar."

Sú ljóshærða steig nær mér og vætti varirnar með tungunni, líkt og villidýr. Ég fann varirnar leggjast mjúklega að hálsi mér og síðan fann ég fyrir hvössum tönnum. Ég beið átekta, mitt á milli losta og skelfingar.

Þá hrinti greifinn upp hurðinni og þeytti konunni út í horn með einni handarhreyfingu.

„Hvernig dirfist þið að snerta hann? Hann tilheyrir mér!"

„Þú lofaðir að við fengjum hann!“

„Þegar ég er búinn að afgreiða hann,“ urraði greifinn, „þá megið þið kyssa hann eins og ykkur lystir. Út með ykkur!“

„Eigum við þá ekkert að fá í kvöld?“ Ég áttaði mig ekki á hver þeirra hafði spurt, ef til vill allar samtímis í hvíslandi kór.

Greifinn benti þeim á pokaskjatta sem hann hafði lagt á gólfið. Þegar þær opnuðu hann heyrði ég lágt kjökur í skelfingu lostnu barni. Svo gufuðu þær upp fyrir augum mér ásamt pokanum og runnu saman við tunglsljósið. Hryllingurinn var mér ofviða og ég missti meðvitund.

17. maí

Ég vaknaði í rúmi mínu, greifinn hlýtur að hafa borið mig hingað. Ég er mjög hræddur því nú veit hann að ég hef séð of mikið. Aftur og aftur heyri ég kjökur barnsins fyrir eyrum mér. Það er of seint að bjarga því núna. En ef ég verð hér stundinni lengur mun koma að mér fyrr eða síðar. Ég verð að flýja!



Ég veit ekki hvaða dagur er, það eru margir dagar síðan ég skrifaði síðast í þessa dagbók; dagar ófrelsis og vonleysis. Dyrnar eru ávallt

læstar. Ég heyri vagna aka inn í garðinn fyrir neðan. Stórum trékistum er staflað á vagnana. En sígaunarnir sem aka þeim eru í þjónustu greifans og vilja ekki taka við bréfunum mínum. Hvað ætlar hann að flytja í þessum kistum?

Ég sé greifanum varla bregða fyrir á daginn. Ef til vill er hann næturvera. Ef mér tækist að laumast inn í herbergi hans gæti ég kannski fundið lyklana og flúið á meðan hann sefur. Dyrnar eru alltaf læstar, en það er önnur leið. Greifinn klifrar sjálfur inn og út um gluggana á þessum hroðalega stað. Og þar sem einn getur farið, getur annar fylgt á eftir. Ég ætla í það minnsta að reyna. Ef það verður mitt síðasta þá er það samt betra en að vera kyrr.



Sí□ar

Ég er kominn aftur, heilu og höldnu, þótt klifrið tæki á taugarnar. Hleðslan í veggnum er grófgerð og víða gisin svo þar er næga handfestu að finna; það er hengiflugið fyrir neðan sem skelfir. Engu

að síður komst ég inn um gluggann á herbergi greifans, sem var blessunarlega mannlaust. Ég leitaði að lyklum en fann enga.

Ég fór inn um dyr í einu horninu og fylgdi hringstiga sem lá niður í forna kapellu. Gólfið var sundurgrafið og jarðveginum hafði verið komið fyrir í stóru trékistunum. Og í einni þeirra, hálffullri af mold, lá greifinn! Augu hans og vangar báru engin dauðamerki, en samt var engu líkara en hann væri hættur að anda. Ég hefði getað leitað að



lyklunum í vösum hans, en það stafaði svo mikilli ógn af lífvana líkama hans að ég forðaði mér til baka og klifraði upp vegginn inn í herbergi mitt.

Næsta kvöld

Í dag sá ég greifanum bregða fyrir með annan pokaskjatta, sjálfsagt annað dauðhrætt barn sem hann hafði rænt. Síðar heyrði ég hvískur fyrir utan dyrnar og rödd greifans segja: „Hypjið ykkur til baka! Þið getið fengið hann annað kvöld, ekki fyrr.“

Ég heyrði lágan kuldahlátur og þegar ég reif upp hurðina sá ég mér til skelfingar ungu konurnar þrjár standa þar og væta varirnar. Þær hlógu enn meir, svo mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds. Svo hurfu þær á brott.

Ég hætti ekki á að dvelja hér lengur. Ég verð að komast héðan burt eða hrapa í hyldýpið ella.

Ég klifraði aftur út um gluggann, fetaði mig niður vegginn og inn í herbergi greifans. Ég vissi hvar óvættinn var að finna: niður hringstigann, í myrkri gömlu kapellunnar.

Þar stóð trékistan stóra og lokið hafði ekki verið neglt fast. Ég lyfti því upp og fraus af skelfingu. Hið hvíta hár og yfirskegg greifans hafði gránað; hann virtist augljóslega vera að yngjast! Holdið fyllti vel út í húðina og það var nýrunnið blóð í munnvikum hans.

Ég var ekki vopnaður en rak augun í skóflu sem lá þar skammt frá. Ég greip hana og sveiflaði hvössu blaðinu í átt að hörkulegu andliti hans. En um leið sneri hann höfðinu, augu hans opnuðust og brunnu af heift. Ég lamaðist af

skelfingu; skóflan snerist í höndum mér og rétt snerti við enni hans.

Lokið féll aftur og það síðasta sem ég sá af honum var blóði drifið glottið sem hann sendi mér.

Ég heyri raddir í fjarska, smelli í svipum og skrölt í vagnhjólum. Einhverjir koma að sækja kistuna hans og þær sem eftir eru. Ég hörfa aftur upp í herbergi greifans en ég get ekki leynst hér. Ég hef varla tíma til að hripa þessi orð. Ef þjónar hans finna mig ekki þá munu djöflakvendin gera það. Fjandinn! Ég ætla ekki að bíða þeirra hér. Ég ætla að fara út um gluggann og klifra niður vegginn. Þverhníptur hamarinn fyrir neðan er brattur; annaðhvort tekst mér að flýja heim til Mínu eða ég hrapa og dey eins og maður. Sá sem finnur mig getur lesið frásögn mína af þessum blöðum.
Far vel!

ÚR DAGBÓK MÍNU HARKER

Ég dvelst í Whitby hjá Lucy Westenra, bestu vinkonu minni. Móðir hennar hefur lengi legið fárveik, en hefur nú loks fengið friðinn. En Lucy leikur við hvern sinn fingur því hún hefur fengið tvö bónorð, á einum og sama deginum! Hún hafnaði hinum indæla Seward lækni en játaðist sínum elskulega Artúri, sem gleður mig nærri jafn mikið og hann sjálfan! Mér skilst að mennirnir tveir séu nú orðnir bestu vinir. Karlmenn eru afar undarlegir.

Það stendur kirkja hér á hæðinni fyrir ofan bæinn og kirkjugarðurinn nær alveg fram að

klettabrúninni. Þetta er uppáhaldsstaðurinn minn. Ég kem oft hingað með Lucy, eða einsömul, þegar ég er leið og áhyggjufull eins og núna.

Ég hef ekkert heyrt frá Jónatan, eiginmanni mínum. Það er mjög ólíkt honum að vanrækja mig svona. Og ég á bágt með að halda aftur af kvíðanum þegar hann er svona langt í burtu í ókunnu landi.

En ég hef líka áhyggjur af Lucy sem er aftur farin að ganga í svefni, líkt og hún gerði þegar hún var á barnsaldri. Ég má ekki gleyma að læsa dyrunum á kvöldin.

Í dag varð ég hálf óttaslegin þegar ég heyrði gamlan mann fullyrða að það væri dauðakeimur af vindinum. Mér létti mjög þegar maður frá strandgæslunni sagði að stormur væri í aðsigi. Við sáum skip lengst úti fyrir sem hegðaði sér mjög undarlega. Það sveigði sitt á hvað, undan vindum og straumum. Ég held að maðurinn frá strandgæslunni hafi áhyggjur af öryggi áhafnarinnar ef skipið kemst ekki í höfn áður en stormurinn nær hámarki. Og skyndilega virtust mínar áhyggjur svo smáar og ómerkilegar í samanburði við hugsanleg örlög áhafnarinnar – en æ, hvað ég vildi að Jónatan myndi skrifa mér!

9. ágúst

Stormurinn skall á í gærkvöldi með hræðilegum látum. Það var ekki að ástæðulausu að strandgæslan hafði áhyggjur af rússneska skipinu; brimið fleytti því inn í höfnina, þar sem það rak á land fyrir neðan klettana. Einhver sagði að risastór hundur hefði stokkið frá borði á sömu stundu og horfið inn í nóttina. Það er kannski ekki að undra, miðað við hryllinginn sem blasti við. Það var aðeins einn maður um

borð, rígbundinn við stýrið með talnaband í hendi sér – steindauður!

Farmurinn reyndist ekki vera annað en nokkrar trékistur, fullar af mold. Einhver gaf sig fram og sagðist bera ábyrgð á þeim og flutti þær frá borði.

Fólk hvíslast á um að skipsbókin segi frá því hvernig áhöfnin, einn á fætur öðrum, hafi horfið með dularfullum hætti, allt frá því að kisturnar voru settar um borð í Varna. Þar er líka

minnst á einhvern laumufarþega, sem aðeins sást bregða fyrir öðru hvoru. Þetta hljómar allt eins og hvert annað rugl – en samt er áhöfnin horfin. Bæjarbúar í Whitby hafa um nóg að tala þessa dagana.

Það er ekki minnst á hundinn í skipsbókinni. Og hann hefur hvergi sést hér um slóðir síðan skipið rak á land. Ef til vill var hann aðeins skynvilla í óveðri á dimmri nóttu. En hundur kolakaupmannsins, sem er risaskepna og grimmur í meira lagi, fannst í morgun, steindauður með sundurtættan barkann.

11. ágúst

Hræðilegir atburðir hafa átt sér stað! Ég vaknaði um miðja nótt og sá að Lucy var ekki í rúmi sínu. Dyrnar voru opnar þrátt fyrir að ég hefði læst þeim um kvöldið. Þegar ég hafði leitað hennar um allt húsið klæddi ég mig í flýti og hraðaði mér út. Ég sá móta fyrir hvítum náttkjól á stígnum uppi á klettinum. Ég fylgdi í humátt á eftir og sá að Lucy settist á uppáhalds

útsýnisbekkinn okkar – einhver dökk vera að baki hennar beygði sig yfir hana. Ég sá ekki hvort það var maður eða skepna. Ég kallaði á Lucy og greindi þá fölt andlit með rauð og stingandi augu sem virtust horfa í áttina til mín.

Ég æpti upp yfir mig og hljóp til Lucy en þá var enginn hjá henni. Hún átti erfitt með andardrátt og hríðskalf í mókinu svo ég vafði náttkjólnum þétt að hálsi hennar. Það tók mig

langan tíma að vekja hana. Henni var svo kalt að ég lagði sjalið mitt utan um hana og festi það með nælu. En ég hlýt að hafa farið klaufalega að þessu í flýtinum því þegar ég loks hafði dröslað henni til baka inn í herbergið okkar sá ég að hún var með tvö lítil stungusár á hálsinum.

13. ágúst

Dagarnir líða í kyrrð og næði en næturnar eru órólegar. Ég vakna iðulega upp við að Lucy er að berjast við læstar dyrnar eða situr uppi, steinsofandi, og bendir í átt að glugganum þar sem stór leðurblaka flögrar um. Þegar ég stekk á fætur til að draga gluggatjöldin fyrir flýgur hún á brott út yfir höfnina.

14. ágúst

Við gengum hlið við hlið eftir klettinum og Lucy muldraði, „… rauðu augun hans.“ Mér varð bilt við þegar ég sá að hún horfði í átt að bekknum okkar þar sem dökkklædd mannvera hafði fengið sér sæti. Andartak fannst mér sem eldur brynni í augum hans, en það var aðeins endurkast frá sólarlaginu.

Síðar um daginn gekk ég einsömul út til að hugleiða áhyggjur mínar af Jónatan. Þegar ég sneri aftur heim á leið sat Lucy í glugganum. Ég veifaði til hennar en hún virtist vera sofandi. Mér til undrunar sýndist mér vera fugl á syllunni við hlið hennar. Þegar ég kom inn í herbergið var hún á leið í rúmið, enn sofandi að því er virtist, og hélt hendinni þétt að hálsi sér, líkt og henni væri kalt eða hún óttaðist eitthvað.

17. ágúst

Ég fæ ekki skilið hvers vegna heilsu Lucy hrakar. Hún borðar vel, fer snemma í háttinn og sefur fram eftir. En samt er hún föl og tekin,

þróttlausari með hverjum deginum sem líður. Smáu stungurnar á hálsi hennar eftir næluna mína hafa ekki gróið. Þær virðast hafa stækkað, ef eitthvað er.

19. ágúst

Gleði, gleði! En þó ekki áhyggjulaus. Ég hef fengið fréttir af elsku Jónatan mínum! Hann hefur verið hræðilega veikur og talað um blóð og djöfla upp úr óráðinu, en hann er að ná sér núna undir handleiðslu nunnanna í Búdapest. Ég er að leggja af stað til að hjúkra honum og flytja hann hingað heim. Mér finnst slæmt að þurfa að yfirgefa Lucy í þessu ástandi en eiginmaður minn hefur forgang. Artúr hennar, elskulegur, ætlar að vera hjá henni. Honum hefur verið sent skeyti og hann er væntanlegur á morgun.

2. september

Hinn lánsami keppinautur minn um ástir Lucy Westenra, Artúr Holmwood, hefur beðið mig að koma frá London til Whitby. Hann hefur miklar áhyggjur af henni og nú þegar ég hef skoðað hana sé ég hvers vegna. Hún hefur gjörbreyst frá því ég sá hana síðast: hún er föl og blóðlítil, gengur í svefni um nætur og er uppgefin á daginn. Ég er ráðþrota og hef engar lausnir til að hughreysta Artúr.

Ég skrifaði bréf til gamals vinar míns og kennara, Van Helsing, prófessors. Hann er heimspekingur og vísindamaður og veit meira um óvenjulega sjúkdóma en nokkur annar sem ég þekki. Í svari sínu sagðist hann koma eins fljótt og honum væri unnt.

6. september

Lucy leið mun verr í dag, hún er föl eins og liðið lík og það var hræðilegt að heyra hrygluna

í hverjum andardrætti. Van Helsing er kominn, lof sé Guði. Um leið og hann sá hana sagði hann: „Við megum engan tíma missa eða hún deyr af blóðleysi. Við verðum að gefa henni blóð!“

Artúr krafðist þess að vera fyrsti blóðgjafinn. Og eftir því sem hann fölnaði færðist smám saman litur í kinnar Lucy. Þegar Van Helsing tók upp tæki sín og tól hvæsti hann snögglega af undrun. Hann hafði tekið eftir tveimur stungum á hálsi hennar sem hún hafði hulið undir flauelshálsbandi.

„Er þetta ástæðan fyrir blóðmissinum?“ spurði ég ákafur.

„Þá hefðu rúmfötin verið löðrandi. Og þó … Ég verð að fara aftur til Amsterdam,“ sagði hann. „Þegar ég kem til baka, þá vitum við meira – vonandi. Fylgist vel með henni þangað til, á nóttu sem degi, og látið hana alls ekki vera eina!“



10. september

Lucy hefur smám saman jafnað sig. Hún vildi ekki að ég vekti yfir sér í fyrrinótt, en hafði logandi eld á arni í næsta herbergi og dyrnar opnar á milli. Ég teygði úr mér á sófanum og – svo dauðuppgefinn sem ég var – sofnaði á stundinni.

Van Helsing prófessor vakti mig í morgun. Ég var mjög glaður að sjá hann en þegar við fórum yfir í hitt herbergið að athuga með sjúklinginn var okkur báðum illa brugðið. Lucy var fölari en nokkru sinni fyrr og dró varla andann, hún var næstum meðvitundarlaus.

Það var komið að mér að gefa henni blóð.



Þegar því var lokið sótti Van Helsing kassa fullan af hvítlauksbindum og gerði mér ljóst að það væri brýn nauðsyn að raða þeim umhverfis rúmið, auk þess að leggja eitt um hálsinn á Lucy. Ég spurði hálfhlæjandi hvort þetta væri einhvers konar galdur til að hrekja á brott illa anda. „Mögulega," sagði hann.

Það er komið kvöld og Lucy sefur værðarlega. Þegar ég leit inn til hennar sýndist mér eitthvað flögra fyrir utan gluggann og berja vængjunum í rúðuna. Hvað er eiginlega á seyði?

20. september

Það er næstum óbærilegt að skrásetja tíðindi dagsins. Lucy virtist vera að ná sér svo við létum vera að vaka yfir henni. Í morgun uppgötvuðum við að hún hafði rifið hvítlaukinn af hálsi sér og var of veikburða til að vakna. Gómar hennar voru hvítir og tennur hennar virtust hafa lengst, auk þess að vera oddhvassari en áður.

Van Helsing var miður sín. „Hún mun ekki lifa," sagði hann.

Hann sendi mig að sækja Artúr. Hann kraup niðurbrotinn við rúmstokk elskunnar sinnar og þá opnuðust augu hennar. „Kysstu mig," bað hún, lokkandi röddu. En Van Helsing dró Artúr frá rúminu og hrópaði, „Það máttu ekki gera!"

Andlit Lucy afmyndaðist í reiðikrampa; svo lokuðust augu hennar og andardrátturinn stöðvaðist.

„Hún er dáin," sagði Van Helsing. „En því miður, þetta er ekki búið. Þetta er aðeins byrjunin."

22. september

Er við Jónatan gengum hönd í hönd niður Picadilly var ég afar glöð að hafa loks heimt hann úr helju. En skyndilega herti hann takið svo fast um handlegg minn að mig verkjaði. Hann var orðinn náfölur og starði á eftir hávöxnum manni með svart yfirvaraskegg og hökutopp, sem gerði það að verkum að tennur hans virtust óeðlilega hvítar, óvenju langar.

„Guð minn almáttugur!“sagði Jónatan skelfdur. „Það er hann sjálfur! Greifinn! En hann er orðinn miklu yngri! “

Þegar við komum heim beið okkar símskeyti sem flutti þau tíðindi að Lucy mín væri dáin! Guð hjálpi okkur öllum að komast yfir þessar hörmungar.



25. september

Herra Van Helsing, sem annaðist Lucy áður en hún dó, kom og heimsótti okkur Jónatan. Hann vildi fá að vita allt um svefngöngur hennar, svo ég leyfði honum að lesa dagbókina mína. Og vegna þess að ég treysti honum, og hafði miklar áhyggjur af eiginmanni mínum, þá sagði ég honum frá þeim atburðum sem Jónatan hafði upplifað í kastala Drakúla greifa.

Van Helsing fullvissaði mig um að þetta væru ekki neinir órar í Jónatan, þetta gæti allt staðist! Hann er heldur ekki í vafa um að atburðirnir sem hentu Jónatan tengist Lucy, þótt mér sé ómögulegt að koma auga á það.

26. september: London

Van Helsing kom í dag og hafði kvöldblaðið meðferðis. Þar var frétt um nokkur börn sem höfðu verið heilluð á brott af ‚fagurri konu'. En þegar þau komu aftur í leitirnar báru þau lítil stungusár á hálsinum.

„Lýsingin passar við sárin á hálsi Lucy," sagði ég. „Heldurðu að þessi sár hafi myndast á sama hátt?"

„Nei," sagði hann stillilega. „Það var Lucy sjálf sem veitti þeim sárin."

Ég hefði fleygt hverjum öðrum á dyr sem hefði leyft sér að tala svona um Lucy. Virðing mín fyrir þekkingu Van Helsing hélt aftur af mér, þótt þessi fullyrðing hljómaði eins og argasti þvættingur. „En það er ekki vika síðan við jarðsettum Lucy hér í London," sagði ég.

„Einmitt. Þess vegna vil ég að þú fylgir mér."

„Hvert?"

„Í grafhýsi hennar!"

Á leiðinni sagði hann mér frá verum sem lifa á blóði annarra. Það var í fyrsta sinn sem ég heyrði

orðið ‚vampíra'. Þetta hljómaði eins og versta rugl þar til við gengum við flöktandi kertaljós inn í grafhýsið. Van Helsing opnaði kistu Lucy en hún sjálf var hvergi sjáanleg.

Ég var gjörsamlega forviða en Van Helsing hélt ró sinni. „Við verðum að upplýsa hennar elskulega Artúr um ástandið," sagði hann. „Það er réttur hans að vita sannleikann og verða vitni að því hvernig við veitum henni friðinn."

28. september

Við stóðum vaktina þrír saman í nótt fyrir utan grafhýsið. Í dögun sáum við hvítklædda skuggaveru nálgast, sem bar eitthvað í fangi sér. Fölt tunglið varpaði birtu á konu sem hélt á barni. Þegar hún kom nær sáum við Artúr andlit hennar, sem við báðir höfðum eitt sinn elskað, þetta var Lucy! En samt svo breytt, svo grimm á svip með varirnar vættar í blóði. Þegar hún varð okkar vör hvæsti hún og þeytti barninu frá sér;

augu hennar brunnu af heift þegar hún færði sig nær Artúr. „Komdu ástin mín og við skulum hvíla saman.“

Hún var djöfullega seiðandi og ég óttaðist að Artúr myndi láta heillast þrátt fyrir óhugnaðinn. Van Helsing ruddist á milli þeirra og hóf krossmark hátt á loft. Lucy hrökk undan og hvarf niður í grafhýsið.

Við þurftum ekki að velkjast lengur í vafa. Við komum barninu til síns heima og ákváðum að hittast aftur næsta kvöld til að framkvæma hvað eina sem nauðsyn krefði.

29. september

Enn einu sinni fylgdum við Van Helsing að grafhýsinu. Enn og aftur fylgdist ég með þegar kistan var opnuð. En í þetta sinn var Lucy á sínum stað, eða réttara sagt, illvætturinn sem hafði tekið sér bólstað í líkama hennar. Hún var bæði fögur og viðurstyggileg í senn.

Van Helsing rétti Artúr hamar og oddhvassan hæl.

„Þú verður að framkvæma verkið," sagði hann. „Á meðan les ég bæn fyrir hina dauðu. Settu hælinn við hjarta hennar og sláðu hann í gegn."

Þegar hann sló tók veran í kistunni snöggt viðbragð, engdist um og veinaði. Ég held það hafi gefið honum aukinn kjark til að slá aftur, uns hællinn var komin í gegnum hjartað.

Eftir það lá hún kyrr, öll illska á brott; í dauðanum umbreyttist hún aftur í hina fögru Lucy okkar.

„Kysstu hana," sagði Van Helsing, „og óskaðu henni góðrar ferðar. Við skulum innsigla grafhýsið og leyfa henni að hvíla í friði. Nú er stórvirkið fram undan, að leita uppi ófreskjuna sem hefur valdið ykkur þessum hörmungum. Ég hef vísbendingar sem við skulum fylgja; við eigum vin sem mun aðstoða okkur við eftirförina. Eruð þið tilbúnir að fylgja þessu eftir, hvernig sem allt fer?"

Við tókumst í hendur og innsigluðum ákvörðun okkar.



30. september

Mína Harker var nánasta vinkona Lucy, en eiginmaður hennar, Jónatan, virðist búa yfir upplýsingum um óvættinn.

„Drakúla greifi á sér langa sögu," sagði Van Helsing, „aldalanga sögu; tíminn vinnur ekki á honum. Hann getur haft hamskipti, verið úlfur, leðurblaka eða þoka. Samt sem áður er hægt að

sigra hann. Hann fælist hvítlauk og krossmörk. En hæll sem rekinn er í gegnum hjartað mun drepa hann; önnur leið er að höggva af honum höfuðið. Jafnvel hann mun ekki lifa það af. En fyrst er að finna hann.“

„Hann hefur keypt sér hús,“ sagði Jónatan, „hér í London. Ég veit hvar það er.“

Van Helsing ítrekaði varnaðarorð sín um ofurstyrk og fláræði óvinarins. En á morgun munum við freista þess að leita hann uppi og tortíma honum ef við mögulega getum.

1. október

Jónatan vísaði okkur á stórt og gamalt hús sem stóð bak við háan garðvegg. Þrátt fyrir dagsbirtuna virtist það vafið skuggum. Hver gluggi var svo vandlega byrgður að þegar við komum inn þurftum við að kveikja á luktum.

Í auðu herbergi rákumst við á þrjár stórar kistur. Það fór hrollur um Jónatan; hann sagðist hafa séð þær áður í kastala Drakúla. Hann bætti við að þær væru fullar af illa lyktandi jarðvegi úr kjallarahvelfingunni en ein þeirra væri hvíldarstaður greifans.

Við færðum kistulokin til hliðar og við okkur blöstu þrjár konur, aldurslausar og fullkomnar að sjá.

Þær eru gullfallegar," andvarpaði ég hrifinn.

„Þær eru syndin sjálf, holdi klædd!" hrópaði Jónatan.

„Svo sannarlega," bætti Van Helsing við. „Hold þeirra hefur ekki rotnað en þær hafa selt Drakúla greifa sálir sínar fyrir löngu."

Hann dró upp hamar og hæla og stórt sax. Við tók blóðug slátrun þar sem við þrír máttum hafa okkur alla við; við slógum oddhvössum hælum í brjóst þessara skelfilegu kvenna, hverrar á fætur annarri, og hjuggum af þeim höfuðin, þótt þær ólmuðust og æptu eins og villidýr á meðan. Þegar

við höfðum lokið verkinu umbreyttust líkamar þeirra í fíngert duft.

Við leituðum áfram að húsbóndanum; það tók langan tíma að þræða myrka ganga, sem minntu helst á grafhýsi, en við vissum að einhvers staðar var enn ein kistan full af mold. Van Helsing sagði að blóðsugur næðu ekki hvíld nema liggja í mold frá heimalandi sínu.

Hjarta mitt tók kipp þegar ég leit inn eftir dimmum gangi. Andartak fannst mér bregða fyrir andliti hins illa, náfölu með sindrandi rauð augu. Á sömu stundu heyrði ég Jónatan taka andköf.

„Ég sá hann!“

„Ég líka,“ sagði ég skelfdur. En þegar við fórum inn ganginn með luktirnar var enginn sjáanlegur.

Við fundum loks kistuna en hún var opin og tóm.

„Hann kemur aftur," sagði Van Helsing, „en þegar hann kemur mun þetta nægja til að trufla hann." Svo lagði hann krossmark í kistuna til að blessa jarðveginn og fæla blóðsuguna frá.

Við hefðum getað beðið en það var enn langt til kvölds; hans líkar fremja öll sín illvirki í skjóli nætur. Ég held við höfum allir verið yfirkomnir af ógn hússins, því sem við höfðum þegar áorkað og hinu, sem við áttum enn eftir.

Þess vegna völdum við að bíða hans ekki, og guði sé lof fyrir það! Þegar við komum heim í rökkrinu var Mína farin í háttinn. En þegar Jónatan ætlaði inn til hennar var herbergið læst.

Hann barði á hurðina og kallaði en það kom ekkert svar. Loks tókst okkur tveimur að brjóta hurðina upp í sameiningu. Þá sáum við skrímslið sem laut yfir Mínu þar sem hún kraup á rúminu. Hvíti náttkjóllinn hennar var ataður blóði; munnur hans sömuleiðis. Hann urraði eins og villidýr þegar hann sá okkur; Van Helsing stökk fram og hélt krossmarkinu á lofti.

Drakúla fnæsti og leit glottandi á Mínu. Svo þeyttist hann að glugganum og var horfinn.

Jónatan hljóp til konu sinnar, en Van Helsing hrópaði: „Það gefst tími síðar til að hlúa að henni! Fljótir nú, eða við missum af honum!“

Ég var furðu lostinn en á meðan léttivagninn ók á ofsahraða eftir götum Lundúna útskýrði Van Helsing hvað væri í húfi. „Þessi djöfull hefur eignað sér Mínu, alveg eins og hann náði Lucy áður. Mína mun einnig deyja og verða sem hann, nema því aðeins að við náum að drepa hann áður. Ef hann

sleppur núna verður það um seinan. Flýttu þér!“ hrópaði hann á ekilinn.

Við komum að húsinu og flýttum okkur inn. Ég hef enga hugmynd um hvers konar ham þetta skrímsli hafði brugðið sér í á leiðinni en hann var að minnsta kosti of svifaseinn, því við vorum komnir á undan honum.

Við biðum hans í herberginu þar sem kistan stóð og fljótlega heyrðum við ömurleg kvein bergmála um húsið. Hann var kominn og hafði augljóslega uppgötvað hvað við höfðum gert við konurnar þrjár.

Hægfara fótatak færðist nær og nær; greifinn virtist ekki hafa orðið okkar var.

Skyndilega stökk hann inn í herbergið og glotti hæðnislega þegar hann kom auga á okkur. En fyrirlitningarsvipurinn var fljótur að hverfa þegar Jónatan sveiflaði löngum hnífnum að honum. Ef Drakúla hefði ekki vikið til hliðar á yfirnáttúrulegum hraða hefði hnífurinn rist hann á hol. Hann stökk aftur á bak í átt til mín; ég otaði krossmarkinu að honum og kjarkur minn tvíefldist þegar ég sá hvað honum varð



bilt við. Rauð augun brunnu af heift á meðan við hröktum hann yfir herbergið í áttina að Van Helsing, sem stóð þar með hvassan hæl og hamar.

Á síðustu stundu reyndi greifinn að flýja í átt að glugganum en Jónatan var viðbúinn. Og í þetta sinn rann flugbeitt blaðið þvert yfir barkann á honum. Augnabliki síðar hafði Van Helsing rekið hælinn í gegnum hjarta hans og öllu var lokið. Á síðustu andartökunum umbreyttist hinn aldagamli líkami í fíngert ryk og um leið var frelsi Mínu tryggt, sem og allra þeirra sem á eftir okkur munu koma.

SÍGILDAR SÖGUR

Þessi útgáfa af Drakúla er endursögn á meistaraverki Bram Stoker. Ef þig langar að lesa skáldsöguna í fullri lengd og allri sinni dýrð, eru margar útgáfur í boði á frummálinu, hvort sem um er að ræða ódýrar pappírskiljur eða vandaðar innbundnar harðspjaldabækur. Það er auðvelt að finna eintak á næsta bókasafni, í bókabúð eða á Netinu.

Það sem upp á vantar

Þegar um stutta endursögn er að ræða er því miður nauðsynlegt að fella burt stóran hluta af sögunni. Margir spennandi viðburðir, hliðarsögur og ótal smáatriði hafa þurft að víkja. Sumt af því efni er mikilvægt fyrir aðalsöguna, annað síður mikilvægt, en allt eru það samt sem áður spennandi hlutar af heildarverkinu. Sums staðar hefur verið nauðsynlegt að fella tvo atburði saman í einn, eða gefa einni persónu orð og athafnir sem tilheyra öðrum persónum í frumverkinu. Stiklurnar hér á eftir fylla upp í myndina að nokkru, en ekkert kemur í stað þess að lesa og lifa sig inn í heildarverkið frá upphafi til enda.

- Í upprunalegu sögunni notar höfundur sendibréf, símskeyti og úrklippur úr dagblöðum, í viðbót við kafla úr dagbókum, til að segja söguna.

- Í upprunalegu sögunni eru sendar til Englands fimmtíu kistur með jarðvegi sem Drakúla greifi ætlar sér að dreifa um landið. Einn hluti sögunnar fjallar um hvernig sögupersónurnar leita uppi hverja kistuna á fætur annarri, uns þær finna greifann og króa hann af.

- Seward læknir rekur hæli fyrir geðsjúklinga, en hælið stendur við hliðina á húsi því sem Drakúla kaupir í London. Söguhetjurnar nota hælið sem miðstöð sína á meðan þær leita að kistunum og elta greifann uppi. Greifinn nær valdi yfir einum af sjúklingum Sewards læknis, Renfield, sem hleypir honum inn á hælið svo hann geti ráðist að Mínu.

- Í upprunalegu sögunni á Lucy þrjá vonbiðla, en ekki tvo. Hinn þriðji er ungur Ameríkani, Quincy Morris. Þrátt fyrir að hún hafni bónorði hans verður hann góður vinur hinna tveggja, Artúrs og Sewards. Hann er þátttakandi í sögunni, allt þar til hann lætur lífið í lokabaráttunni við Drakúla greifa.

- Þessi endursögn staðsetur uppgjörið í London. Í upprunalegu sögunni tekst greifanum að komast undan og flýja heim á leið til kastala síns í

Transilvaníu. Hann hefur náð að fela sig í síðustu kistunni sem hinar söguhetjurnar ná ekki að finna áður en skipið lætur úr höfn frá Englandi. Þær veita honum eftirför með aðstoð fjarskynjunar sem Mína hefur öðlast eftir að greifinn beit hana. Loks hafa söguhetjurnar uppi á honum í sígaunalest, rétt áður en hún kemst inn í kastalann. Þar er greifinn drepinn í kistunni á meðan hann sefur.

- Konurnar þrjár, eða 'brúðir Drakúla', koma ekki til Englands í upphaflegu sögunni. Þær eru kyrrar í kastalanum þar sem söguhetjurnar finna þær og gera út af við þær.

Bakgrunnur sögunnar

Á Viktoríutímanum urðu miklar framfarir í tækniþróun, því vísindarannsóknir fyrri kynslóða skiluðu nú raunverulegum árangri, allt frá smíði gufuvélarinnar til rafmagnsframleiðslu. Þetta hljóta að hafa verið spennandi tímar fyrir allan almenning og Bram Stoker nær vel að miðla hrifningu samtímamanna sinna af nýrri tækni.

Fólki á Viktoríutímanum fannst tilvera sín vera mjög nútímaleg og samfélagið háþróað og sagan um Drakúla greifa er á margan hátt afar

nútímaleg skáldsaga. Í upprunalega textanum er fjöldi tilvísana í nýjar uppfinningar þessa tímabils, m.a. hversu auðvelt og þægilegt er að ferðast langar vegalengdir í lestum. Hálfri öld áður en sagan er skrifuð hefði engum lögmanni komið til hugar að ferðast alla leið frá Englandi til Transilvaníu, til þess eins að ganga frá samningum vegna fasteignakaupa. Nýjasta tækni, eins og símskeyti og ‚plötuspilari' (phonogram), kemur líka mikið við sögu. Sagan er í megindráttum um nútímaveröld Jónatans og Mínu sem rekst harkalega á hinn forna heim Drakúla greifa, svo um tíma er ekki ljóst hvor mun hafa vinninginn að lokum. En ævafornum aðferðum er líka beitt af nútímafólki, eins og þegar Van Helsing hefur engin önnur úrræði en hvítlauk, krossmark og oddhvassan hæl til að ráða niðurlögum blóðsugunnar.

Bram Stoker þróaði hugmyndir sínar um ‚vampírur' eftir austur-evrópskum þjóðsögum og skáldskap síns tíma. Líkt og hann notar raunverulegar tækninýjungar í sögu sinni eru heimildir hans um Transilvaníu einnig byggðar á raunveruleikanum að mestu leyti. Borgo-skarð er á sínum stað í Rúmeníu; skammt frá því er

Bran-kastali, þar sem hinum raunverulega Vladislav Dracula var haldið föngnum um tíma. Hann var miskunnarlaus og grimmur herforingi, einnig þekktur undir viðurnefninu ‚Vlad staursetjari', en það var aðferð sem hann notaði til að pynta og myrða þúsundir manna. Eftirnafn hans, Dracula, var í rauninni titill sem faðir hans hlaut þegar hann stofnaði riddararegla sem hafði það markmið að berjast gegn yfirráðum Tyrkja. (Dracul þýðir ‚dreki', Dracula þýðir ‚sonur drekans')

Nafnið Transilvanía þýðir ‚landið handan skógarins' og um þetta land vissu íbúar Englands á Viktoríutímanum næsta fátt. Því var auðvelt að ímynda sér að þar væri alþýða manna enn á miðaldastigi undir stjórn aðalsherra, að þar væri hjátrú landlæg, ólíkt Englandi þar sem samfélagið var iðnvætt, upplýst og vel menntað.

Drakúla var ekki fyrsta metsölubókin um blóðsugur. Fyrsta skáldsagan, þar sem blóðsugu var lýst sem aðalsmanni, var skáldsagan Vampýran eftir John Polidori, en hann notaði Byron lávarð sem fyrirmynd að blóðsugunni. Carmilla eftir Sheridan LeFanu fjallar um samkynhneigðu blóðsuguna Carmillu og um það bil sem Drakúla var gefin út,

árið 1897, hafði fjöldi skáldsagna komið út þar sem hinn siðmenntaði heimur átti í vök að verjast fyrir dularfullum óvættum frá frumstæðum löndum. Fólk á Viktoríutímanum var mjög hrifið af þess háttar bókmenntum, vegna þeirrar fullvissu að slík öfl myndu aldrei geta ógnað tilveru þeirra í raun og veru.

Viltu vita meira?

Við mælum með eftirtöldum bókum, vefsíðum og kvikmyndum:

Bækur

- Sheridan LaFanu. Carmilla, Prime Classics, 2000.
- Radu Florescu og Raumond McNally. Dracula: His Life and Times, Little, Brown, 2005.
- Barbara Belford, Bram Stoker. A Biography, Weidenfeld and Nicolson, 1996.
- Montague Summers. The Vampire in Lore and Legend, HarperCollins, 2001.
- Katherine Ramsland. The Science of Vampires, Berkley Publishing Group, 2002.

• Matthew Bunson. The Vampire Encyclopedia, Gramercy Books, 2001.

Vefsíður

• http://www.ucs.mun.ca/~emiller/

Heimasíða Drakúla; víðtæk upplýsingasíða um Bram Stoker, skáldsöguna Drakúla, Vlad staursetjara og margt fleira.

• http://www.draculascastle.com/index3.html

Vefsíða um hina raunverulegu Transilvaníu.

• http://www.donlinke.com/drakula/vlad.htm

Meiri upplýsingar um hinn upprunalega Drakúla greifa.

• http://vampires.monstrous.com

Alfræðisíða um blóðsugur í skáldsögum, kvikmyndum og goðsögum.

Kvikmyndir

• Bram Stoker's Dracula, í leikstjórn Francis Ford Coppola, frá árinu 1992. Þrátt fyrir titilinn er myndin ekki fullkomlega trú skáldsögunni, en samt sem áður er hún skemmtileg kvikmyndaupplifun.

• Dracula, í leikstjórn Tod Browning, frá árinu 1931. Bela Lugosi leikur Drakúla í þessari mynd, sem var fyrsta

kvikmyndin sem kynnti vampírugreifann eins og við þekkjum hann best – í kvöldklæðnaði með svart hárið sleikt aftur og skegglaus – sem er í andstöðu við lýsingu Bram Stokers í skáldsögunni.

- Nosferatu, leikstýrt af F.W. Murnau, frá árinu 1929. Sígild, þögul mynd byggð á skáldsögu Bram Stokers.

- Shadow of the Vampire, leikstýrt af E. Elias Merhige, frá árinu 2000. Kvikmynd um gerð myndarinnar Nosferatu, þar sem smám saman kemur í ljós að aðalleikarinn reynist eftir allt vera raunveruleg blóðsuga …

Pælingar

Hér eru nokkur atriði til að pæla í ef þú ert að lesa Drakúla með sjálfum/sjálfri þér, eða atriði til að ræða um, ef þú ert að lesa söguna með vinum eða félögum.

Í þessari endursögn hefur verið reynt að endurskapa eftir bestu getu upprunalegan söguþráð og persónur sem höfundurinn skóp. En mundu að þetta er ekki upphaflega verkið. Ef þú hugleiðir punktana sem hér fara á eftir gætir þú fengið dýpri skilning á vinnubrögðum Bram

Stokers. En til að komast betur inn í söguna er einfaldast að dýfa sér beint ofan í Drakúla í fullri lengd og sökkva sér á bólakaf í þessa stórfenglegu sögu.

Punktar

- Í Drakúla er þjóðsögnum og sagnfræði blandað saman á hugmyndaríkan hátt. Finnst þér þessi aðferð gera söguna trúverðugri? Hvert af þessu þrennu er mikilvægast: ímyndunarafl, sagnir, staðreyndir?

- Á sínum tíma var Drakúla afar nútímaleg skáldsaga, þar sem nýjustu tækniundur samtímans komu við sögu. Ef Bram Stoker væri að semja sögu sína í dag, hvaða tækninýjungar myndu koma fyrir í sögunni? Hvernig gætu þær haft áhrif á söguþráðinn?

- Er alltaf öruggt að nútímaveröldin hafi betur í baráttu við ævaforn öfl? Hvaða forskot hefur ‚nútímaveröldin' og hvað gæti lagt hinum ‚ævafornu öflum' lið? Getur þú fundið önnur dæmi um sambærileg átök og eru í þessari sögu eða dæmi úr raunveruleikanum?

Þættir

Eftirfarandi þættir koma allir við sögu í verki Bram Stokers. Hvað finnst þér hann vera að reyna að segja með þeim? Ertu sammála honum?

- nútímaviðhorf og afleiðingar þeirra
- frjálsar sálir og fordæmdar sálir
- vísindi og hjátrú
- völd og valdaskipulag

Frásögn og stíll

Getur þú fundið setningar eða málsgreinar sem eru dæmi um þessi stílbrögð?

- lýsingar á umhverfi og andrúmslofti
- einfaldar setningar sem búa yfir sérstökum áhrifum
- notkun myndmáls til að auka áhrif atburða
- tilfinningaþrunginn ritháttur

Skoðaðu vel hvernig þessar setningar eða málsgreinar eru skrifaðar. Er eitthvað sérstakt við þær sem þú tekur eftir? Getur þú skrifað setningu eða málsgrein með því að beita sömu brögðum?

„Bókin kom mér á óvart, hún er mjög spennandi og það var gaman að sjá atburðina í sögunni frá mismunandi sjónarhornum.“

Sölvi Mar Valdimarsson 14 ára

Þegar lögmaðurinn Jónatan Harker fer til Transilvaníu til fundar við viðskiptavin hefur hann ekki minnsta grun um þær ógnir sem bíða hans.

Jónatan verður gestur og fangi hins fláráða Drakúla greifa. Hann upplifir hræðilegar ógnir og ævaforna illsku sem fyllir hann skelfingu.

Á meðan er eiginkona Jónatans heima á Englandi að annast vinkonu sína, Lucy, sem er haldin dularfullum sjúkdómi sem dregur úr henni allan mátt. Geta vinir Lucy forðað henni frá hryllilegum örlögum eða verða þeir fórnarlömb eins og hún?

Mun ástin, hugrekkið og mannúðin standast prófið gegn djöfullegum þorsta blóðsugunnar? Hverjir munu lifa af, hverjir munu deyja og hvaða sálir verða dæmdar til eilífra þjáninga hinna lifandi dauðu?

ISBN 978-9979-0-1485-0
9 789979 014850

NÁMSGAGNASTOFNUN
07050